

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. nóvember 2013

Tilvísun ÞÍ: 2013111495/0.2.0

Vísað er til birtingar lagafrumvarps um breytingu á ýmsum lögum vegna flutnings verkefna frá innanríkisráðuneytinu til sýslumannsembætta og annarra embætta og stofnana, þingskjal 192 – 161. mál, sem er birt á vef Alþingis.

Í 26. gr. frumvarpsins er m.a. lagt til að ráðuneytið geti heimilað að yfirlögráðendur haldi eina miðlæga málaskrá, og að skrá yfir lögræðissvipta einstaklinga, um lögráðamenn og ráðsmenn verði haldin sem hluti af málaskrá. Í athugasemdum við frumvarpið segir að ráðuneytið muni fela Þjóðskrá Íslands að gera þessa rafrænu málaskrá og verði hún hluti af starfskerfum sýslumanna.

Þjóðskrá Íslands styður þessa fyrirætlun og hefur verið höfð með í ráðum varðandi mótun þessara tillagna. Engu að síður telur stofnunin að sá tími sem verkefninu er ætlað til undirbúnings og yfirfærslu fyrirbyggjandi gagna sé full skammur og leggur til að 2. – 4. mgr. 26. gr. verði látin taka gildi 1. júní 2014.

Athugun á fyrirbyggjandi kerfi sem notað er í innanríkisráðuneytinu hefur leitt í ljós að það kerfi inniheldur eingöngu textasvæði sem örðugt er að varpa yfir á tölvutækt form. Miðað við magn upplýsinga í kerfinu, en það inniheldur upplýsingar um ríflega 1600 einstaklinga, er mun hagkvæmara að slá umræddar upplýsingar inn í hið nýja kerfisviðmót. Leggur Þjóðskrá Íslands til að sú leið verði farin en þá er nauðsynlegt að gert verði ráð fyrir tímabundnu vinnuframlagi vegna þessa.

F.h. Þjóðskrár Íslands



Ástríður Jóhannesdóttir

Lögfræðingur